



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

VETG1VT10 Verktækni grunnnáms

Kennari:	Óskar G. Jónsson	oskar@fsu.is	Sk.st.	ÓGJ
-----------------	-------------------------	---------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Nemendur kynnast viðfangsefnum og fagsviði húsmiða, húsgagnsmiða, málara, múrara, pípulagningamanna og dúkagningamanna og veggfóðrara með kynningu og hagnýtum verkefnum. Lögð er áhersla á notkun hand- og rafmagnshandverkfæra og eftir atvikum algengustu véla og búnaðar, umhirðu þeirra, notkunarvið og öryggismál. Nemendur læra jafnframt að vinna skipulega eftir leiðbeiningum og teikningum, gera einfalda efnis- og aðgerðalista og halda vinnuumhverfi hreinu og öruggu. Áfanginn er að mestu verklegur og byggist kennslan á fjölbreyttum verkefnum og styttri kynningum þar sem nemandinn tileinkar sér rétt vinnubrögð og gæðavitund.

Undanfari:

Þekkingarviðmið:

Þekkingarviðmið áfangans er að nemendur hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Starfssviðum einstakra fagstétta innan bygginga- og mannvirkjagreina
- Algengustu faghugtökum sem notuð eru innan hvernar fagstéttar
- Skörun verkþátta milli einstakra faggreina
- Mikilvægi fagmennsku og góðs handverks innan atvinnugreina
- Mikilvægi samstarfs á milli fagstétta

Leikniviðmið:

Leiniviðmið áfangans er að nemendur hafi öðlast leikni í að:

- Þekkja algengustu handverkfæri og tæki sem notuð eru innan hvernar fagstéttar
- Rissa upp vinnuteikningar
- Magntaka eftir vinnuteikningum
- Getra einfalda efnis- og aðgerðalista eftir teikningum
- Halda vinnstað hreinum og ganga frá áhöldum og tækjum eftir notkun

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Þekkja hlutverk einstakra iðngreina bygginga- og mannvirkjagreina
- Vinna með mismunandi handverkfærum
- Fylgja öryggisleiðbeiningum einstakra áhalda og tækja
- Velja heppileg verkfæri með hliðsjón af verkefninu hverju sinni

Námsefni:

- Fyrirlestrara, innlögn frá kennara, glæsur, internetið, heimsóknir í fyrirtæki, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Nemendur þurfa sjálfir að koma sér upp handverkærum er nýsta áfram í skólanum og verður nánar farið yfir það síðar.

Fyrirkomulag námsmats:

Meðfylgjandi námsmat byggir á því að við gerum aðeins eitt verkefni, ef við náum að vinna fleiri verkefni, breytist vægi hvers verkþáttar og verður gerð grein fyrir því eftir því sem líður á önnina. Verkefnið sem við leggjum af stað með hefur ekki verið unnið áður og getur því tekið breytingum.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
	Þátttaka, virkni og umgengi nemenda í tímum	25
	Vinnu nemenda við meginverkefni annarinnar þar sem tekið er miða af:	
	• Vinnuteikningu- efnis og aðgerðalista	5
	• Gerð undirstaða- gólfs	5
	• Smíði veggja – klæðning veggja	10
	• Slípun, spörslun og málun	10
	• Flísalögn – dúkalögn	10
	• Heildar útlit og frágangur verkefnis	20
	• Spurningar tengdar iðngreinum	15

Kennsluáætlun:

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar og geta einstaka þættir breyst og færst til. Við stefnum að því að heimsækja tvö til þrjú iðnfyrirtæki og kynnst starfsemi þeirra. Aðalverkefni vetrarins verður gerð vinnuhorns, þar sem við skiptum nemendum í hópa, fjórir nemendur í hverjum hóp. Teiknum upp og smíðum vinnuhorn þar sem við skiptum gólfinu í fjögur horn, c.a 60 x 80 x 120 cm. er myndar kross þar sem gólfflötur er 120 x 160 cm. Komum síðan fyrir vegg á miðju gólfflatarins sem skiptir gólfinu í fjögur jafnstór vinnusæði. Hver nemandi ber síðan ábyrð á einu ákveðnu vinnusvæði og gerir að sýnu, útlit, hönnun, spörslun, málun, flísalögn, dúkalögn eða hvað eina. Ef við klárum þetta verkefni á skömmum tíma vinnum við eitthvað annað smíðaverkefni, t.d. tröppu eða verkfærakassa, verkefni er við ákveðum saman.

Vika		
17 ágúst til 04. september	<ul style="list-style-type: none">• Upphaf kennslu, kynning, vinnuferli, framtíðarhugur.• Hönnun verkefnisins- gerð efnislista og aðgerðalista• Þema – húsasmíði-húsgagnasmíði• Smíða gólf• Smíða veggjagrind 160 x 120• Smíða veggjagrind 50 x 120• Setja upp veggi á gólfið• Nú er verkið orðið sjálfstætt verk fyrir hvern nemanda.	
07 sept – 02. október	<ul style="list-style-type: none">• Þema málari• Klæða einn væng með spónaplötu• Klæða ein væng með gipsplötum• Loka timburflötum• Pússa, sparsla, grunna, mála	
05 október til	<ul style="list-style-type: none">• Þema pípulagnir• Skreyta veggi• Flísaleggja	

30 október	<ul style="list-style-type: none">• Klára verkið	
Nóvember	<ul style="list-style-type: none">• Þema múrari• Vinna nýtt smíðatengt verkefni	
Desember	<ul style="list-style-type: none">• Þema dúkagnir-veggfóðrar• Upprifjun, klára það sem eftir er	